

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 244. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,
14. mars 2017 og hófst hann kl. .

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason.

Eva Rut Reynisdóttir fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar sat fundinn.

Dagskrá:

1. 1601218 - Opnunartími sundlauga

Í nýrri Heilsustefnu Hafnarfjarðar er fjallað um aðgengi að sundlaugum og heilsuefningu. Þar er lagt til að skoða vel aukna opnun sundlauga bæjarins og hvort hægt væri að auka aðgengi að laugunum með því að breyta greiðslufyrirkomulagi aðgangseyris fyrir börn.

Nefndin óskar eftir gögnum um kostnað varðandi aukna opnun og að það verði kostnaðarmetið að börn með fullorðnum fái frítt í laugina.

Huga ber einnig að úrbótum sundlauga bæjarins og að endurnýja þarf búnað og leiktæki.

ÍTH leggur áherslu á að Umhverfis- og skipulagssvið geri úttekt á sundstöðum Hafnarfjarðar þar sem skoðuð verður þörf á endurbótum og tillögu að framtíðarsýn sundstaða bæjarins. Hafnarfjarðarbær er heilsueflandi samfélag og í sundstöðum koma saman allir aldurshópar og efla heilsu sína.

2. 1702254 - Félagsmiðstöðvar, dagskrá

Kynnt dæmi frá félagsmiðstöðinni Öldunni og Mosanum um dagskrá þar. Aðsóknartölur úr félagsmiðstöðvunum Vitanum, Öldunni og Mosanum lagðar fram.

6. 1702253 - Róló

Frestað

7. 1703126 - Nordjobb, sumarstörf 2017

Norræna félagið óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær ráði tvo sumarstarfsmenn í gegnum verkefnið Nordjobb.

Óskað eftir því að fá nánari upplýsingar frá félaginu áður en beiðnin er samþykkt.

8. 1703179 - Sumarstarfsmenn Kaldárseli

KFUM og K sækja um að Hafnarfjarðarbær leggi til fjóra sumarstarfsmenn sem

vinni við sumarbúðirnar Kaldárseli í sumar.

Í fyrra lagði Vinnuskóli Hafnarfjarðar til þrjá starfsmenn

Synjað

3. 1510105 - ÍBH, fundargerð

Fulltrúi ÍBH kynnti nýjustu fundargerð stjórnar ÍBH.

4. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Fulltrúi Ungmennaráðs kynnti síðustu fundargerð ráðsins og sagði frá væntanlegu teboði með bæjarstjórninni.

5. 1702490 - Stöðumat á framkvæmd tóbakssölu

Lögð fram skýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði um hvernig til tókst í tóbakseftirliti með sölustöðum tóbaks sem fram fór í janúar og febrúar 2017 í umdæminu.

9. 1703189 - Stefnumótun í æskulýðsmálum

Kynnt stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 sem stýrihópur vann fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Einnig kynnt ritið Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum, tillögur um aðgerðir.

10. 1609669 - Forvarnir

Íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti minnismiða sem gerður var fyrir Foreldraráð Hafnarfjarðar um marjúananeyslu unglunga og hópsöfnun í Firði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)
